

BORGARRÁÐ 1. september 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hlunnindi til starfsmanna þjónustu- og nýsköpunarsviðs – MSS22090010

Fulltrúi Flokks fólksins hefur nú lesið ársskýrslu þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Skýrslan er erfið yfirferðar og sums staðar ekki á mannamáli ef svo má orði komast. Vaknað hafa upp fjöldi spurninga. Í skýrslunni er rætt um skapandi vinnustaðamenningu og heilsueflandi vinnustað. Flokkur fólksins spyr hvort hér sé verið að vísa í Reykjavík sem vinnustað í heild sinni eða sviðið (PON) einungis? Samkvæmt lýsingu í skýrslunni stendur að starfsmönnum standi til boða heilsueflandi hlutir svo sem „tæki og tól í sitt faglega og persónulega tækjabelti til að geta betur tekist á við ýmsar áskoranir í starfi. Starfsfólki standi til boða samgöngustyrkur heilsuræktarstyrkur og menningar- og sundkort fyrir alla nýliða sem óska eftir slíku. Starfsfólki stendur til boða að nota rafskútur og til að sækja vinnutengda fundi og viðburði utan vinnustaðar á vinnutíma eða sinna vinnutengdum. Margt fleira spennandi fyrir starfsfólk er talið upp í skýrslunni. Það sem vakir fyrir Flokki fólksins með fyrirspurninni er að fá það staðfest hvort þetta standi ekki öllu starfsfólki borgarinnar til boða? Sé svo ekki væri verið að mismuna starfsfólki Reykjavíkurborgar með grófum hætti að mati Flokks fólksins.